Sveitarfélag ársins 2027

Komið þið sæl

Á hverju ári leggur Mannauðssetur og sjóður Heklu fyrir könnun um *Sveitarfélag ársins*. Könnunin er ein af stærri vinnustaðakönnunum á landinu og er í anda könnunarinnar um Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins. Það er Gallup sem heldur utan um vinnuna í samstarfi við sjóðinn. Ellefu stéttarfélög standa að Mannauðssjóðnum Heklu með u.þ.b. 12.000 félagsfólk sem dreifist í öll sveitarfélög utan Reykjavíkur. Félagsfólk fær boð um að taka þátt en auk þess gefst sveitarfélögum kostur á að fá könnunina fyrir allt sitt starfsfólk og fær með því frábært tækifæri til að rýna í gögn um þætti sem tengjast starfsumhverfinu eins og starfsánægju, líðan og stjórnun. Könnunin er lögð fyrir að vori en haust hvert, þegar niðurstöður liggja fyrir, er blásið til hátíðar þar sem niðurstöður eru kynntar og veglegt tímarit er gefið út með öllum upplýsingum. Þau sveitarfélög sem raðast í fjögur efstu sætin þ.e. skila þeirri niðurstöðu að þeirra starfsfólk er hvað ánægðast með starfsumhverfi sitt, fá viðurkenningu og sveitarfélagið sem er efst á lista fær titilinn sveitarfélag ársins. Verkefnið er með heimasíðu og heldur úti síðu á Facebook. Fljótlega í upphafi nýs árs 2027 fá sveitarfélög boðsbréf frá Mannauðssetri og sjóði Heklu um þátttöku. Endilega skoðið meðfylgjandi upplýsingar með það í huga hvort ykkar sveitarfélag vilji vera með árið 2027?

https://www.mannaudssjodur.is/sveitarfelagarsins

https://www.facebook.com/sveitarfelagarsins

Frekari upplýsingar veitir Hrund Hlöðversdóttir framkvæmdastjóri Mannauðssjóðs Heklu í síma 525 8319/ 699 4209 eða í gegnum vefpóst mannaudssjodur@mannaudssjodur.is